

Viðurlögum beitt við hegðunarfrávikum eftir alvarleika

Þegar viðurlögum er beitt er mikilvægt að tengja orsök og afleiðingu.

Muna að hrósa fimm sinnum á móti einni afleiðingu.

Ástundun er skráð sérstaklega og fer í ákveðið ferli:

- Mætir of seint í kennslustundir.
- Telst fjarverandi ef hann kemur meira en hálfri kennslustund of seint.

Á unglingastigi er punktakerfi tengt ástundun:

- Seint – 1 punktur
- Fjarvist – 2 punktar
- Nemendum sem hafa haldið 10 í skólasóknareinkunn allan veturinn er boðið í pizzuveislu í skólanum að vori.
- Afskriftir á punktum eru í ákveðnu ferli og sérstakir samningar gerðir við nemendur og foreldra þar sem ástæða þykir.

Skýringar við „Agiferli Lundarskóla“:

- Ávallt er reynt leiðrétta hegðun eða leysa málið á staðnum.
- Takist ekki að leiðrétta hegðun eða leysa atvikið á staðnum er farið eftir agiferli Lundarskóla.

Nemandi fylgir ekki fyrirmælum:

- Nemanda skal gefið val um að gera það sem beðið var um eða hann þarf að taka afleiðingunum sem starfsmaður nefnir um leið.
- Velji nemandi að taka afleiðingunum en starfsmaður getur ekki fylgt því eftir einhverra hluta vegna þurfa skilaboð að komast til umsjónarkennara.
- Kennarar geta beitt forréttindamissi eftir eðli máls og aðstæðum.
- Takist ekki að leysa málið er fundað með stjórnanda skv. agiferli. Ef engin lausn finnst skal vísa máli til lausnateymis sem vinnur að málinu í samráði við umsjónarkennara og annað starfsfólk.